

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra nr. 1/2002 um skilafresti á árinu 2002 fyrir
launaskýrslur o.fl. skv. 92. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Skilafrestur eftirtalinna gagna vegna ársins 2001 hefur verið ákveðinn sem hér segir:

I. Til 28. janúar 2002:

1. Launamiðar (RSK 2.01) ásamt almennu launaframtali (RSK 1.05). Á launamiðum komi meðal annars fram sundurliðaðar upplýsingar um hvers konar greiðslur í formi launa og hlunninda eða til verktaka fyrir efni og vinnu, styrkja, bóta eða annarra tekna; svo sem áskilið er.
 2. Greiðslumiðar vegna lífeyris, tryggingabóta og atvinnuleysisbóta.
 3. Hlutfjármiðar (RSK 2.045) ásamt samtalningsblaði (RSK 2.04).
 4. Upplýsingar hlutfélaga um kaupréttarsamninga (RSK 2.085).
 5. Stofnsjóðsmiðar (RSK 2.065) ásamt samtalningsblaði (RSK 2.06).
- Ofangreindur frestur er þó framlengdur til 8. febrúar 2002, enda sé gögnum skilað á tölvutæku formi samkvæmt færslulýsingu RSK.*

II. Til 14. apríl 2002:

1. Gögn frá lífeyrissjóðum, líftryggingafélögum og fjármálastofnunum um iðgjöld og framlög launagreiðenda til lífeyrissjóða og til viðbótarlífeyristryggingar.
2. Upplýsingar fjármálastofnana um kaup, sölu og umboðsviðskipti með hlutabréf.
3. Greiðslumiðar (RSK 2.02) yfir hvers konar greiðslur fyrir leigu eða afnot af lausafé, fasteignum og fasteignaréttindum, sbr. 1. og 2. tölulið C-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981.
4. Bifreiðahlunnindamiðar (RSK 2.035).
5. Afurða- og innstæðumiðar (RSK 2.075) ásamt samtalningsblaði (RSK 2.07).
6. Sjávarafurðamiðar (RSK 2.055) ásamt samtalningsblaði (RSK 2.05).
7. Greiðslumiðar (RSK 2.025) yfir hvers konar greiðslur til erlendra aðila og annarra, sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi, og skattskyldar eru skv. 3. og 6. tölul. 3. gr. laga nr. 75/1981 og ekki er gerð grein fyrir á skilagreinum RSK, sem taldar eru upp hér að framan. Hér er m.a. átt við þóknanir fyrir þjónustu og greiðslur fyrir afnot eða hagnýtingu einkaleyfa og hvers konar annarra leyfa, réttinda eða sérþekkingar.

Upplýsingum þessum skal, ef unnt er, skilað á tölvutæku formi samkvæmt færslulýsingu ríkisskattstjóra. Sé það ekki gert skal þeim skilað á tilsvarandi eyðublöðum RSK.

Reykjavík, 4. janúar 2002.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.